# Breyting á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030
## Samfélagsþjónustureitur við Stekkaklett

### Inngangur

Stekkaklettur, sem er í 2 km fjarlægð frá þéttbýlinu á Höfn, er í landi Hafnarness í Sveitarfélaginu Hornafirði. Um er ræða sérhæfða steinsteypta byggingu sem reist var undir jarðstöð árið 1992. Húsið er samtals 155,9 m² og lóðin1 1.550 m² að stærð. Jarðstöðin var varastöð fyrir sambönd við útlönd til fjölda ára áður en hún hætti rekstri árið 2005. Samkvæmt Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 er Stekkaklettur á svæði sem skilgreint er sem samfélagsþjónusta. Ekkert deiliskipulag er til fyrir lóðina. Sveitarfélagið er eigandi byggingarinnar að Stekkaklett.

### Greinargerð

*S5: Fjarskiptastöð – Stekkaklettur. Uppbygging vegna hennar heimil skv. deiliskipulagi.*

Skilgreining á S5 í greinargerð breytist í eftirfarandi:

*S5: Stekkaklettur - Kvikmyndagerðarhús, listsköpun, eftirvinnslustúdíó fyrir kvikmyndagerð, föst búseta heimiluð. Frekari uppbygging tengd listsköpun heimiluð. Gististarfssemi/skammtímaleiga óheimil. Uppbygging lóðar skal vera skv. deiliskipulagi.*

### Markmið og tilgangur breytingar

- Framfylgja markmiðum aðalskipulags um eflingu byggðar og landnotkun með áherslu á heilbrigði og öryggi, með efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir að leiðarljósi.
- Styrkja og auka fjölbreytni atvinnulífs í sveitarfélaginu
- Stuðla að uppbyggingu á lóðinni í samræmi við vinningstillögu um nýtingu á Stekkakletti.
- Stuðla að kvikmyndagerð og listsköpun á Stekkakletti, sem styður við og styrkir fjölbreytt menningarlíf í sveitarfélaginu.
- Efla hornfirskt menningar- og listalíf sem styður við uppbyggingu í ferðaþjónustu.
- Skapa gott aðgengi að listum og menningararfi.

### Niðurstaða

Breytingin hefur óveruleg áhrif á landnotkun þar sem aðalstarfssemi tengist samfélagsþjónustu. Aukning á umfangi landnýtingar er óveruleg vegna stærðar og legu lóðar að Stekkaklett en lóðin er um 1,2 ha. Stekkaklettur er staðsettur við jaðar þéttbýlismarka en fjarlægð við næsta bæ er um 350 m í loftlínu.
Það er því niðurstaða sveitastjórnar að breytingin falli undir 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.




Staðfest aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030
Þéttbýlisuppdráttur Höfn / Nesjahverfi mkv. 1:10000
Engar breytingar verða á uppdrætti




**Samþykkt og staðfesting**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36.gr. skipulagslaga nr 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann 13/12 2019

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest að Skipulagsstofnun þann 17/01 2020




Sveitarfélagið Hornafjörður

Breyting á ASK Stekkaklettur

| Unnið fyrir | kvarði | Blaðstærð |
|---|---|---|
| Sveitarfélagið Hornafjörð | 1:10000 | A3 |
| **Unnið af** | **dags.** | **Teikning nr** |
| GLG/GR | 2.12.2019 | 001 |